



## **265. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 24. apríl 2018, kl. 13 að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, formaður, Ágúst Sigurðsson, Ari B. Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, varamaður, og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð. Auk stjórnarmanna sat fundinn Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### **Dagskrá:**

- 1. Sjálfbært Suðurland-endurvinnsla Sorps.**  
Runólfur Ágústsson frá Ráðgjöf og verkefnisstjórnun, Halldór Hróar Sigurðsson og Sigurður Halldórsson frá Feng komu inn á fundinn undir þessum lið og kynntu hugmyndir að verkefni um sjálfbært Suðurland.  
Stjórnin mun fylgjast með framvindu málsins.
- 2. Ársreikningur SOS 2017.**  
Ólafur Gestsson, endurskoðandi, og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS mættu á fundinn undir þessum lið.  
Mikil aukning er á tekjum en jafnframt eykst kostnaður við sorpurðun.  
Rekstrarniðurstaða er 8 mkr í mínus, sem er um 3 mkr lakari afkoma en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist það af mestu af gjaldfærslum vegna Brúar lífeyrissjóðs sem féllu til á árinu.  
Stjórn samþykkir ársreikningin og áritar hann.
- 3. SORPA**  
Staða samnings um móttöku úrgangs. Gengið hefur verið frá samningi sem gildir út apríl.
- 4. Viljayfirlýsing um samstarf sorpsamlagana á suðvesturhorninu.**  
Lögð var fram viljayfirlýsing sorpsamlaganna á suðvesturlandi sem til stendur að undirrita n.k. fimmtudag kl. 14.  
Stjórn felur formanni að undirrita viljayfirlýsinguna f.h. SOS og senda sveitarfélögunum hana til kynningar.
- 5. Erindi til Sveitarfélagsins Ölfuss um samstarf varðandi urðunarstað á Nessandi.**  
Drög að bréfi voru lögð fram.  
Formanni er falið að vinna málið áfram.

**6. Sorporkustöð á Vestfjörðum.**

Kynnt voru gögn um hugmyndir um sorporkustöð á Vestfjörðum sem tæki við úrgangi af öllu landinu.

Formanni er falið að skoða málið frekar.

**7. Tillögur stjórnar SOS um úrgangmál á Suðurlandi.**

Stefán Gíslason fór yfir stöðu verkefna.

Lögð voru fram eftirfarandi gögn:

Bréf til Landsambands sumarhúsaeyganda varðandi úrgangsmál.

Minnisblað um skoðunarferð í Stykkishólm.

Minnisblað um jarðgerð.

Minnispunktur um brennsluofn á Stönd.

Unnið er að undirbúningi skoðanakönnunar meðal fyrirtækja um úrgangsmál.

**8. Önnur mál.**

Samþykkt að halda aukaaðalfund SOS samhliða aukaaðalfundi SASS í Vestmanneyjum í júní.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.